



Minnisblað - Gramsverslun

Á fundi bæjarráðs nr. 1211 fól bæjarráð, bæjarstjóra að auglýsa eftir áhugasömum aðilum til að taka yfir húsnæðið að Vallargötu 1 á Þingeyri, Gramsverslun, með þeim kvöðum að húsið verði gert upp.

Auglýsing var birt á vef Ísafjarðarbæjar 17. október og var frestur til að skila inn gögnum til 31. okt. sl.

Eftirtaldir aðilar lýstu yfir áhuga fyrir Gramsverslun:

- Garðar Einarsson f.h. Ankor ehf. tölvup. dags. 30. okt. ásamt fylgiskjali dags. 26.10.2022
- Kjartan Ingvarsson tölvup. dags. 24. okt. sl., ásamt fylgiskjali dags. 24. okt.
- Goði Gunnarsson tölvup. án fylgiskjals dags. 20.10.2022
- Sigurður G. fyrirspurn í tölvup. 4. nóv.,
- Högni Stefán hogni@arcticplank.is tölvup. án fylgiskjala 8. nóv. 2021

Frestur til umsókna skv. auglýsingu 31. okt 2021.

Í auglýsingu fyrir húsið var óskað eftir því að áhugasamir aðilar myndu skila inn áætlun um endurbætur og framtíðarsýn. Þrír aðilar skiluðu inn gögnum á tilsettum tíma 31. okt., hinsvegar óskaði sviðsstjóri eftir viðbótargögnum og veittur var frestur aukalega til 8. des. sl. og bárust gögn frá þremur aðilum á tilsettum tíma.

Mat á umsóknum

Til þess að leggja mat á umsóknir var stillt upp einföldu SMART líkani (Single multi attribute rating technique) þar sem lagt var mat á eftirfarandi þætti

- Notkun mannvirkis m.t.t. samfélags og atvinnumála (vægi 40%)
- Framtíðarsýn (vægi 25%)
- Tímalína verkefnis (vægi 15%)
- Verkáætlun (vægi 15%)

Umsókn Goða Gunnarssonar var ómarkviss, með óraunhæfum kostnaðartölum og tímalína verkefnis er ekki að ganga upp. Í skýrslu Tækniþjónustu voru gefnar upp forsendur til að vinna út frá og þar var sett fram kostnaður við uppgerð hússins 71,2 m.kr.- í innsendri kostnaðaráætlun er kostnaður metinn 6 m.kr.- einnig er tímalína og verkþættir afar óljós og óraunhæf með

hliðsjón af kostnaði verks. Ekki var skýr framtíðarsýn og markmið hússins óljós. Skor umsækjanda er því frekar lágt 115 stig.

Umsókn Kjartans Ingvarssonar er framtíðarsýn vel útskýrð í stuttu máli og það er skýr sýn um staðsetningu mannvirkis heildaryfirbragðs og götummyndar, miðbæjar Þingeyrar. Samfélagslegur ávinningur og tenging við aðra starfsemi á svæðinu s.s. menningu listir og verslun er vel útfærð og getur haft mikla þýðingu fyrir samfélagið og getur stuðlað að fjölgun starfa. Tímarammi er skoðaður að vel athuguðu máli frá skipulagsstigi til upphafs framkvæmda. Heildarskor 765 stig.

Umsókn Garðars Einarssonar f.h. Ankors ehf., er með raunhæfa verkáætlun og tímaáætlun, hinsvegar skortir markvissa framtíðarsýn, markmiðin eru óljós og sennilegast of mörg, þannig að erfitt er að leggja mat á samfélagslegan ávinning m.t.t. atvinnu og framtíðarsýnar m.t.t. Gramsverslunar. Umsókn Garðars skorar 720 stig.

Við mat á umsóknum þá er um hlutlægt mat að ræða út frá uppgefnum forsendum, umsóknir eru að skora mjög svipað, þó er Kjartan aðeins hærri og skýrist það af skýrari framtíðarsýn varðandi notkun hússins og með hliðsjón af bæjarmynd og mannlífs. Umsókn Garðars er með betri verkáætlun, sem þó hefur ekki sama vægi og samfélagslegur ávinningur og framtíðarsýn. Þar skýrist munur á heildarstigaskori umsækjenda.

Hjálagt eru umsóknir, ásamt skorspjaldi (excel)

Lagt er til við bæjarráð að semja við Kjartan Ingvarsson